

Stofnanasamningur

milli SFR – stéttarfélags í almannajónustu og Íslenska dansflokksins
samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs með gildistíma frá 1. október 2015.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í SFR stéttarfélags í almannajónustu sem starfa hjá Íslenska dansflokknum.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með stofnanasamningi þessum:

- Að launakerfið sé gagnsætt og samræmt
- Að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- Að launakerfið gefi kost á að frammistaða og hæfni einstaklinga í starfi sé metin og feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til framgangs í starfi
- Að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukin með markvissri endurmenntun
- Að starfsmenn fái tækifæri til starfsþróunar innan stofnunar
- Að auka gæði listgreinarinnar
- Að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað til þess að auka gæði opinberrar þjónustu
- Að auka starfsánægju og samheldni í starfi
- Að launakerfið miðist við að til Íslenska dansflokksins ráðist starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa með frammúrskarandi hætti þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna
- Að starfsmenn og stjórnendur komi sér upp samskiptareglum sem tryggi það að allir starfsmenn séu vel upplýstir um stefnu og markmið stofnunarinnar á hverjum tíma

3. Starfaflokkar og röðun starfa í launaflokka

3.1 Almennar forsendur röðunar

Við röðun starfa í launaflokk skal taka mið af eðli starfs, þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, færni, menntun og umfangi verkefna eins og fram kemur í starfslýsingu eða viðvarandi verkssviði starfsmanns. Röðun í launaflokka er lágmarksröðun. Grunnröðun tekur mið af eftirfarandi meginlýsingu starfa.

3.2 Skilgreining starfsheita og starfslýsing

Nemandi í starfsnámi

Starfsnám er vettvangur fyrir dansnema til að kynnst því hvernig starf atvinnudansara fer fram. Starfsnám er tækifæri fyrir dansnema til að læra af reyndari dönsurum sem og að fá að fylgjast með danshöfundum að störfum og fylgja sköpunarferli verks frá upphafi til enda.

Starfsnámið innifelur:

- Þjálfunartíma, daglega eða eftir vinnuskipulagi dansara, til að auka færni dansnemans
- Að fylgjast með æfingum á verki, kynnst hugarheimi danshöfundar og hans leið til að skapa dansverk og gera sér grein fyrir mismunandi vinnuaðferðum; ólík tól og ólíkar aðferðir

- Tækifæri til að læra efni dansaranna, eins eða fleiri, til að auðga orða- og hreyfiforða sinn, sem og að verða vitni að því hvernig atvinnudansarar taka við upplýsingum danshöfunda og hvernig þeir vinna úr þeim upplýsingum
- Möguleg tækifæri til að renna senum eða verkum á einhverjum tímapunkti í ferlinu, sé svigrúm til þess, til að mynda þegar dansara flokksins vantar eða þegar sérstaklega er gefið rými til þess

Dansnemi í starfsnámi fær ekki laun enda skal hann vera í námi og fá einingar metnar til náms fyrir viðveru sína hjá stofnuninni. Ef dansnema býðst að fara á svið fyrir hönd Íslenska dansflokksins skal honum greitt, samkvæmt grunnröðun Dansnemi, frá því ákvörðun er tekin um að setja hann inn í verkið og út sýningatímabilið. Til að mynda ef dansari flokksins forfallast eða upp koma meiðsli skömmu fyrir sýningu og ákvörðun er tekin um að dansneminn taki við hlutverkinu. Dansnemi skal þá fá að lágmarki greidd vikulaun ef slík staða kemur upp auk sýningarlauna fyrir hverja sýnda sýningu, einnig greiddar þær æfingar sem krafist er af viðkomandi. Listdansstjóri og danshöfundur standi að baki slíkri ákvörðun. Tekið skal fram í sýningarskrá eða á annan sambærilegan máta að um dansnema sé að ræða. Dansnemar skulu ekki vera fleiri en tveir á sama tíma.

Dansari 1

Starfið felst í þátttöku í verkefnum á hverju starfsári flokksins, í samræmi við áætlun listdansstjóra. Helstu viðfangsefni í starfi Dansara 1 eru sýningar, sýningarferðir, æfingar, þjálfunartímar og heimavinna.

Ábyrgð; verkefnaleg og stjórnunarleg

Það er ábyrgð Dansara 1 að halda sér í líkamlegu formi sem gerir honum kleift að inna af hendi þau verkefni sem ætlast er til af honum í starfi. Hann skal hugsa um ástand líkamans og fara í viðeigandi meðferðir til þess að líkaminn sé í sem bestu ástandi til þess að takast á við fjölbreyttar áskoranir dansara. Ef aðstæður krefjast þess af Dansara 1 að kenna hlutverk sitt ber honum að gera það en þó skal það vera á ábyrgð danshöfundar/æfingastjóra að samræma hópinn og hafa yfirumsjón með ferlinu í slíkum tilvikum.

Þekking og hæfni; menntun, reynsla og sérhæfing

Dansari 1 skal búa yfir menntun í sínu fagi, BA-gráðu eða sambærilegu. Sé Dansari 1 ekki með slíka menntun skal dansarinn hafa starfsreynslu sem hæfir viðmiðum Íslenska dansflokksins eða búa yfir yfirburða skilining á listforminu.

Markmið og árangur

Dansari 1 skal ávallt hafa það að markmiði að geta skilað eins vel og hann getur efni verka hverju sinni. Einnig skal hann ávallt leitast við að þróa og bæta sjálfa/n sig sem listamann.

Verkefni

Dansari 1 er danshöfundur innan handar varðandi framleiðni á efni, hugmyndavinnu auk annars þegar það á við en lokaútkoma og vinnsla skal vera í höndum og á ábyrgð danshöfundar. Í starfsskyldu Dansara 1 felst einnig vinna sem fellur utan reglubundinna æfinga og sýninga, svo sem búningamátun, hugmyndavinnu með listrænum aðstandendum sýninga og sérstök líkamsþjálfun vegna verkefna. Þetta skal falla innan vinnutíma. Auk þess ber Dansara 1 að taka þátt í markaðs- og kynningarstarfi fyrir dansflokkinn, danskynningarstarfi fyrir skóla og fara í viðtöl við fjölmiðla. Skal það gert innan vinnutíma, annars skal það greitt með yfirvinnukaupi. Dansara ber að ganga frá/skila búningum eftir mátun og ganga vel um sameiginlegt búningsherbergi dansara. Heimilt er að fela Dansara 1 að taka þátt í öðrum sýningum eða uppákomum en hefðbundnum sýningum flokksins, auk þess að taka þátt í samstarfsverkefnum við þriðja aðila og þá í samkomulagi við dansara.

Dansari 2: sá dansari sem hefur starfað 7 ár eða lengur hjá Íslenska dansflokknum eða hjá annarri sambærilegri stofnun eða verkefnum

Starfslýsing Dansara 2 er að öðru leyti sú sama og fyrir Dansara 1.

Æfinga- og verkefnastjóri

Starfið felst í að sjá um æfingar og þjálfun, umsjón með ýmsum þáttum sem kemur að sýningum, skipuleggja æfingar og önnur verkefni ásamt listdansstjóra, aðstoða danshöfunda og starfa að öðrum verkefnum sem lúta að daglegum rekstri flokksins og viðkomandi starfsmanni er falið.

3.3 Grunnröðun starfa í launaflokka

<u>Starfsheiti</u>	<u>Launaflokkur</u>
Dansnemi	20
Dansari 1	24
Dansari 2	30
Æfinga- og verkefnastjóri	33

4. Viðbótarforsendur við mat launaflokka

4.1 Starfsreynsla dansara

Starfsreynsla starfsmanna í starfaheitum skv. grein 3.3 skal metin með eftirfarandi hætti:

- Eftir 1 ár skal starfsmaður hækka um 2 álagsþrep
- Eftir 3 ár skal starfsmaður hækka um 2 álagsþrep til viðbótar
- Eftir 5 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep til viðbótar
- Eftir 7 ár skal Dansari 1 færast upp í starfsheiti Dansari 2 (þrep færast ekki með þar sem um nýtt starfsheiti er að ræða)
- Eftir 9 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 11 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep til viðbótar
- Eftir 13 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep til viðbótar

Starfsreynsla listdansara skal miðuð við þann tíma er hann lauk námi frá viðurkenndum skóla á sviði listdans og/eða starfsreynslu sem talin er sambærileg. Heimilt er að meta starfsreynslu utan Íslenska dansflokksins sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti.

4.2 Starfsreynsla æfingastjóra

Starfsreynsla starfsmanna í starfaheitum skv. grein 3.3 skal metin með eftirfarandi hætti:

- Eftir 1 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 3 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 5 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 7 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 9 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 11 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 13 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep
- Eftir 15 ár skal starfsmaður hækka um 1 álagsþrep

Starfsreynsla æfingastjóra skal miðuð við þann tíma er hann hóf störf sem æfingastjóri ellegar tók að sér sambærilegt starf. Heimilt er að meta starfsreynslu utan Íslenska dansflokksins sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Skal ágreiningsmálum vísað til samstarfsnefndar.

4.3 Menntun

Hafi starfsmaður hlotið menntun sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs, skal meta eftirfarandi menntun sem hér segir:

- Starfsmaður sem lokið hefur mastersnámi sem nýtist í starfi skal hækka um fjóra launaflokka

Í störfum þar sem gerð er krafa um háskólamenntun skal félagsmaður í SFR sem hefur háskólapróf ekki vera lægra launaður en ef hann væri í stéttarfélagi háskólamenntaðra.

4.4 Símenntun

Starfsmaður skal fá metin öll námskeið og endurmenntun sem nýtist honum í starfi þegar ákveðinni tímalengd er náð og skal skila útskriftarskírteini og námslýsingu því til staðfestingar:

- Eftir 60 kennslustundir skal starfsmaður hækka um eitt þrep
- Eftir 120 kennslustundir skal starfsmaður hækka um einn flokk til viðbótar
- Eftir 200 kennslustundir skal starfsmaður hækka um einn flokk til viðbótar

Mat á því hvort námskeið nýtist í starfi skal framkvæmt af framkvæmdarstjóra og listdansstjóra og skal starfsmaður fá staðfestingu áður en nám hefst. Komi ágreiningur upp skal málinu vísað til samstarfsnefndar.

4.5 Tímabundnir þættir

Meta skal tímabundna þætti til röðunar í álagþrep. Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang, álag eða ábyrgð en gert er ráð fyrir á viðvarandi verksviði hans skal hann fá hækkun launa meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt umfangi eða ábyrgð sem verkefnið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 24 mánuði samfleytt á þessum kjörum verða þau varanleg. Tímabundnir þættir eiga einnig við þegar flokkurinn er á ferðalagi en þá skal semja um umframskyldur og þóknun áður en ferðalagið hefst. Við mat á tímabundnum þáttum skal taka mið af eftirfarandi:

- Tímabundin aukin ábyrgð
- Innleiðing verkefna
- Þróun og nýsköpun
- Sérstakt álag
- Umsjón með verkefnum sem Íd tekur að sér í samstarfi við þriðja aðila

Við upphaf nýrrar uppfærslu/verkefnis er heimilt að fela Dansara 2 hlutverk **aðstoðaræfingastjóra** samhliða vinnu sinni. Skrifstofu ber að kynna þessa manneskju fyrir danshöfundi. Aðstoðaræfingastjóri þarf að vera til staðar á öllum æfingum nema nauðsyn krefjist annars. Aðstoðaræfingastjóri skal frá greidda 5 tíma á mánuði með yfirvinnu. Stígi dansari að fullu inn í starf æfingastjóra, tímabundið, skal hann fá greidd grunnlaun æfingastjóra á þeim tíma er hann sinnir starfinu. Ef dansarar eru 3 eða færri er ekki þörf á að tilnefna aðstoðaræfingastjóra nema nauðsyn krefjist. Sé verkefni ekki með aðstoðaræfingastjóra skal tilnefna trúnaðarmann verkefnis. Æfingastjóri og aðstoðaræfingastjóri skulu hittast á miðju ferli og fara yfir stöðuna. Aðstoðaræfingastjóri fer einnig á endurmatsfund fyrir hönd dansara að ferli loknu. Hlutverk aðstoðaræfingastjóra eru að tryggja að samningum sé fylgt, vera til staðar fyrir dansara og vera tengiliður á milli dansara og skrifstofu. Aðstoðaræfingastjóri sér ekki um að skipuleggja æfingar né gefa nótur. Vinnuskylda aðstoðaræfingastjóra er sú sama og Dansara 1 og 2.

5. Ráðning

Starfsmenn sem falla undir þennan samning eru ýmist fastráðnir eða verkefnaráðnir. Fastráðinn dansari skal ráðinn til a.m.k eins árs í senn. Heimilt er aðilum þó að gera ráðningarsamning til lengri tíma þ.e. til 2ja eða 3ja ára takist um það samkomulag. Hafi dansari starfað í samfleytt 2 ár eða lengur á hann rétt á því að gerður sé við hann ótímabundinn ráðning nema að um annað hafi verið rætt. Gagnkvæmur uppsagnafrestur er 3



mánuðir. Fastráðinn dansari sem er með tímabundinn samning skal fá að vita og láta sjálfur vita ekki síðar en þremur mánuðum áður en samningur rennur út hvort hann verði endurnýjaður. Ávallt skulu vera að lágmarki 7 fastráðnir dansarar. Verkefnaráðinn dansari skal ráðinn með skriflegum ráðningasamningi áður en æfingar hefjast á þeim verkefnum sem hann er ráðinn til. Gildistími ráðningarsamnings er frá fyrstu boðuðu æfingu til síðustu sýningar, þó ekki skemmri en þrjú mánuðir. Laun skulu greidd eftir á fyrir einn mánuð í senn. Eftir að 3 mánaða samningstíma lýkur framlengist ráðning um 1 mánuð í senn á meðan sýningum stendur. Íd er þó heimilt að framlengja sýningartímabili í allt að viku umfram heilan sýningarmánuð og skal þá greiða þriðjung fastra mánaðarlauna vegna þess tíma. Verkefnaráðinn dansari hefur sömu vinnuskyldu og fastráðinn dansari á meðan á ráðningartíma stendur. Heimilt er að semja um ráðningu til skemmri tíma þegar um er að ræða sérgreind afmörkuð verkefni. Skal sá samningur vera skriflegur og undirritaður áður en æfingar hefjast. Við ráðningu dansara skal trúnaðarmaður flokksins fara yfir samninga áður en undirritun fer fram.

5.1 Vinnuskylda

Vinnuskylda fastráðinna og verkefnaráðinna dansara skal vera 40 vinnustundir á viku. Undir vinnuskyldu flokkast sýningar, æfingar, heimavinna og önnur vinna skv. skilgreiningu. Sýningar skulu dragast frá þessari vinnuskyldu, sjá undir 5.4 Sýningar.

5.2 Æfingar

Daglegur æfingatími skal vera á tímabilinu frá 08:00-17:00 alla virka daga. Þjálfunartími dansara skal vera alla virka daga og skal hann vera ein og hálf klukkustund á dag, þar af 15 mínútna hlé í lok hans til undirbúnings næstu æfingar t.d. til að fara í búning. Undantekningar á þessu eru þegar dansarar eiga inni frídag á virkum degi, á ferðadögum og þegar eitthvað sérstakt liggur fyrir s.s. skipulagsdagur, óvissuferð o.s.frv. Hafa skal þó í huga að markmið þjálfunartíma er að halda dansara í góðu formi og því ekki æskilegt að undantekningar séu margar. Hefjist vinnudagur síðar vegna sýningar kvöldið áður eða sé hann skertur að öðrum kosti skal þjálfunartími taka mið af því en þó aldrei styttri en 1 klst. Sé sýning um kvöld reiknast fullur vinnudagur. A.m.k einu sinni í mánuði ber trúnaðarmanni að skipuleggja fund með dönsurum sem skal eiga sér stað síðasta korterið af einum þjálfunartíma í mánuði þar sem dansarar geta tekið stöðu mála. Trúnaðarmaður skilar svo niðurstöðum til listdans- og/eða æfingastjóra.

Æfingatími sem innifelur þjálfunartíma má að hámarki vera 7 klst samfellt, annars skal greidd yfirvinna. Dansara ber að mæta stundvíslega á allar æfingar. Á hverjum 7 klst vinnudegi skal gefa 40 mínútna matarhlé og 15 mínútna neysluhlé. Eftir 7 klst vinnu skal veita 5 mínútna hlé fyrir hverja klst. Sé skertur vinnudagur skulu neysluhlé taka mið af ofangreindu í samræmi við lengd dagsins.

10 sveigjanlegir vinnudagar eru leyfðir fyrir hverja uppfærslu á tímabilinu 08:00-23:00. Á þessum dögum má vinnutími að hámarki vera 8 klst samfellt annars skal greidd yfirvinna. Æfingatíma lýkur þegar dansari getur yfirgefið vinnustaðinn. Inn í æfingatíma er þar af leiðandi sá tími sem það tekur að fara úr og ganga frá búningum og leikmunum og fjarlægja sérstaka fördun eða leikgervi. Dansari skal vera laus frá æfingu minnst 5,5 klst áður en sýning hefst sem hann er þátttakandi í nema í sérstökum tilfellum og skal þá samið um það sérstaklega. Standi æfing það lengi að hlé náist ekki skal greiða samfelldan vinnutíma milli æfingar og sýningar. Mælst er til þess að dansarar séu lausir frá daglegum æfingum á frumsýningardegi nema í ýtrustu nauðsyn.

Sé boðað til æfinga utan venjulegs vinnutíma þá telst hver byrjuð æfing minnst 4 klst í vinnuskyldu. Upphitunartími er talinn innan þessa stunda.

5.3 Heimavinna

Heimavinna skal reiknast 5 klst í hverri viku og skal það miðast við 1 klst á dag. Heimavinnu

getur dansarinn unnið á þeim tíma og stað sem hentar viðkomandi. Undir heimavinnu flokkast m.a. líkamleg umönnun; s.s sjúkraþjálfun, aukaæfingar, sund, að læra texta, lestur ýtarefnis og horfa á og kynna sér efni af myndskreiðum, kynna sér ný hugtök og vinnuefni/aðferðir danshöfunda, undirbúa "opnanir", kynna sér sýningar og helstu málefni líðandi stundar. Einnig fara yfir nótur og vídjó af rennsli. Dansari ber ábyrgð á því að vera líkamlega og andlega undirbúinn fyrir hvert verkefni/uppfærslu fyrir sig. Leyfilegt er að nota 1 x heimavinnutíma á mánuði fyrir fund bókaðan af æfingastjóra, 1 x í mánuði. Skulu þeir fundir haldnir í beinu framhaldi af æfingu og auglýstir með tveggja vikna fyrirvara.

5.4 Sýningar og aðrar uppákomur

Vinnutími í sýningum reiknast sem 5 klst. Til vinnutíma í sýningum telst sá tími sem sýningin stendur auk tímans sem tekur að hita sig upp, klæða sig í búning, farða sig og sinna öðrum undirbúningi sem og tíminn sem tekur að afklæðast búningi og fjarlægja gervi að sýningu lokinni. Gera þarf ráð fyrir minnst 30 mínútna upphitun fyrir hverja sýningu. Standi sýningar lengur en tvær og hálf klst að meðtöldu hléi skal reiknast 1 klst til viðbótar. Standi sýning lengur en þrjár og hálf klst að meðtöldu hléi skulu reiknast 2 klst til viðbótar. Sýning sem tekur 30 mínútur eða minna í flutningi skal bóka sem 3 klst í vinnuskýrslu. Séu tvær sýningar á sama verki sama dag skal seinni sýningin teljast sem sýningartíma nemur.

Hætta skal vinnu 3 klst fyrr á sýningardögum, sem er sem dæmi á hefðbundnum vinnudegi kl. 13. Tvær auka klukkustundirnar (af 5 klst hefðbundnum sýningartíma) má annað hvort nota til þess að mæta seinna daginn eftir, eða kl. 11, eða safna saman í einn frídag sem tekinn er að sýningum loknum (eða reiknað með öðrum hætti eftir því hversu margar sýningar eru). Einnig er hægt að greiða fyrir tímama með yfirvinnu. Æskilegt er að búið sé að fara yfir nótur fyrir sýningar á daglegum æfingartíma.

Uppgjörstímabil fyrir uppsafnaðar vinnustundir er 1 mánuður og er frá 16. hvers mánaðar til 15. hvers mánaðar sbr. Fjárslu ríkisins.

Sýningar mega að jafnaði vera alla virka daga vikunnar svo lengi sem vikulegur frídagur er virtur. Ekki eru þó heimilar sýningar á Nýársdag, Föstudaginn langa, Páskadag, Hvítasunnudag, 1. maí, 17. Júní, Aðfangadag jóla, Jólada og Gamlársdag. Heimilt er að sýna stuttar sýningar á daglegum æfingartíma. Íslenski dansflokkurinn skal bera það undir dansara þegar áformaðar eru tvær sýningar sama dag. Slíkt samtal ber vitni um gott vinnulag og eykur gagnkvæma virðingu á milli aðila. Umrætt samtal milli aðila skal fara fram a.m.k. 4 vikum áður en sýningar eru áformaðar eða áður en sýningar fara í sölu. Verði af tvöföldum sýningardegi er æskilegt að næsti dagur sé frídagur. Í þeim tilfellum að mikil eftirspurn er eftir sýningum má bæta við fleiri sýningum með styttri fyrirvara, þá í samtali við dansarana.

Stefna Íd er að dansari fái að aflokinni frumsýningu nauðsynlegt andrými og mun dansflokkurinn leita allra leiða til að veita dansara hæfilegt æfingafri eftir hverja frumsýningu. Líta skal til álags á æfingartíma og starfssemi flokksins í þessu sambandi.

5.5 Biðtími

Taki dansari þátt í fleiri en einni sýningu sama dag skal hann fá bókaðar 3 klst í vinnuskyldu fyrir biðtíma milli sýninga. Taki dansari þátt í fleiri en einni sýningu á sama verki á dag, sem sýndar eru hvor á eftir annarri, skal hann fá bókaðar eina og hálf klst í vinnuskyldu fyrir biðtíma milli sýninga. Falli sýningar niður innan 48 klst skal ekki bóka biðtíma.

5.6 Sýningakaup

Greiða skal kr. 8.640 fyrir hefðbundnar sýningar. Sýningar sem eru styttri en 45 mínútur skulu greiddar með kr. 4.800. Ekki er greitt sýningarálág á skólasýningar sem sýndar eru á dagvinnutíma nema að um frumsýningu sé að ræða. Þegar selt er inn á forsýningar skulu þær greiddar með 50% af sýningarlaunum. Taki dansari að sér hlutverk í verki með minna en 72ja klst fyrirvara sem hann er ekki þátttakandi í ber að greiða honum tvöfalt sýningarkaup fyrstu

3 sýningarnar. Mat þetta er í höndum listdansstjóra, framkvæmdarstjóra og dansara og skal semja um álagsgreiðslu áður en verkið er unnið. Þó á þetta ekki við sé dansari búin/n að læra hlutverkið þá þegar t.a.m. dansnemar eða “understudy/second cast”. Sýningakaup skal taka breytingum í sama hlutfalli eins og kjör breytast hverju sinni í kjarasamningi SFR við ríkið.

5.7 Önnur vinna

Önnur vinna getur falið í sér boðun vegna hönnunar búninga og gerva, hugmyndavinna með listrænum aðstandendum sýninga og sérstök líkamspjálfun vegna verkefna. Einnig þátttaka í markaðs- og kynningarstarfi fyrir dansflokkinn, danskynningarstarf í skólum og viðtölum við fjölmiðla. Dansara getur verið falið það verkefni að hafa umsjá með dansnema á því tímabili sem hann vinnur hjá dansflokknum. Önnur vinna skal fara fram á hefðbundnum æfingatíma ellegar skal hún greidd með yfirvinnukaupi.

5.8 Boðun og mætingar

Dansara ber að fylgjast með æfinga- og sýningaáætlun Íd sem skal greinilega tilkynnt á aðgengilegum stað auk þess að vera send til dansara með tölvupósti. Á föstudögum skal æfingartími fyrir næstu tvær vikur auglýstur. Ef nauðsyn krefur má hnika til æfingatíma með 24 klst fyrirvara og skal það gert í samráði við dansara. Í æfingaboði skal tekið fram hve lengi æfing mun standa. Sé dansari boðaður til vinnu utan hefðbundins vinnutíma skal það gert með að lágmarki 48 klst fyrirvara, eftir þann tíma er heimilt að gera slíkt í samráði við dansara. Sýningaáætlun skal ná a.m.k. mánuð fram í tímann og skal hanga uppi á aðgengilegum stað. Ekki er hægt að ákveða sýningu með minna en fjögurra sólarhringa fyrirvara. Afboða ber sýningu með minnst 48 klst fyrirvara. Ef sýning er ekki afboðuð með tilskyldum fyrirvara á dansari rétt á að færa þá sýningu inn í vinnuskyldu. Æfingastjóri skal boða dansara til sýninga og nauðsynlegs undirbúnings.

5.9 Líkamleg umönnun

Dansari ber ábyrgð á líkamlegri umönnun. Mælst er til að dansari fari í fyrirbyggjandi meðferð tvisvar í mánuði á kostnað vinnuveitanda til að fyrirbyggja meiðsl og skal það gert utan vinnutíma enda hluti af heimavinnu. Þá skal dansari sækja sér þá meðferð sem þurfa þykir ef um meiðsli er að ræða, einnig á kostnað vinnuveitanda í samráði við hann, enda skal liggja fyrir vottorð frá lækni um að atvinnuskyld meiðsli sé að ræða. Mælst er til þess að dansari sæki slíka meðferð fyrir eða eftir að hefðbundnum vinnutíma lýkur.

Vinnuveitandi skal greiða starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

5.10 Sýningarferðir

Íslenski dansflokkurinn fer reglulega í sýningar- og æfingaferðir erlendis sem og innanlands og ber dansara að taka þátt í þeim. Í sýningarferðum reiknast hver dagur sem 8 klst vinnudagur. Dansara skal tilkynnt um sýningarför eins fljótt og hægt er eða með minnst eins mánaðar fyrirvara. Ef breytingar eru gerðar á tímaramma ferðalagsins skemur en mánuði fyrir brottför þá skal það gert í samráði við dansara.

Um greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar í sýningarför fer skv. kjarasamningi SFR og ríkisins. Í sýningarferðum erlendis og innanlands gilda almennar reglur stofnanasamnings um vinnu- og hvíldartíma. Hægt er að semja um breyttan vinnutíma við dansara svo lengi sem tímafjöldi er sá sami. Á hverjum sólarhring í sýningarför skulu vera samfelldar 11 klst þar sem dansari er hvorki að vinna né ferðast. Heildar ferða- og vinnustundir skulu ekki vera lengur en 12 klst á dag nema í sérstökum tilfellum. Sé ferðatími lengri skal taka tillit til þess með viðeigandi hvíldartíma. Samkvæmt ráðlegginum sjúkraþjálfara er ekki mælst til þess að dansari reyni mikið á sig líkamlega á ferðadegi þegar ferðast er með flugi milli landa vegna meiðslahættu. Hægt er að vinna með tækniatriði og staðsetningar á sviði en ekki “full out” rennsli. Ekki er ráðlagt að hafa sýningu á ferðadegi taki ferðalagið lengri tíma en 4,5 klst. Þar sem líkaminn er atvinnutæki dansara þá skal hlúa vel að honum á ferðalaginu og miða að því að hafa ferðatíma

sem mest á milli kl. 08:00-24:00. Álagsgreiðslur á ferðalögum eru skv. kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Í sýningarferðum er dansari í vinnuferð og þarf hann því gott rými til að geta hvílst vel, unnið heimavinnu og undirbúið sig fyrir sýningar. Íslenski dansflokkurinn er því ábyrgur fyrir því að dansari fái einstaklings vistarverur með aðgengi að salerni og sturtu. Aðstæður skulu vera metnar sem miðlungs eða góðar að gæðum. Ef ekki er hægt að uppfylla slík skilyrði er hægt að semja um annars konar fyrirkomulag sem dansari þarf að samþykkja. Á sýningarferðalagi má einungis boða dansara á æfingar til að æfa þau verk sem eru á efnisskrá á því sýningarferðalagi.

5.11 Orlof

Fastráðnum dansara ber að fá sextíu og tvo almanaksdaga samfelld sumarorlof m.v. fullt starf í heilt undangengið orlofsár. Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september. Dönsurum skal tilkynnt í síðasta lagi 15. mars hvenær sumarorlof þeirra hefst. Hægt er að semja um frávik frá samfelldu sumarorlofi. Um orlof lausráðinna dansara fer samkvæmt almennum kjarasamningum. Hægt er að taka hluta orlofs utan hefðbundins orlofstíma, ef samkomulag um það næst.

5.12 Önnur störf

Íslenska dansflokknum er heimilt að fela dönsurum að taka þátt í öðrum sýningum eða uppkomum en hefðbundnum sýningum flokksins og skulu þá sömu reglur gilda líkt og um hefðbundna sýningu væri að ræða hvað varðar vinnutíma. Heimilt er að nýta starfskrafta dansara vegna samstarfsverkefna. Skal þetta gert í samkomulagi við dansara sé verkefnið á forræði 3ja aðila en ekki Íd. Verkefni þessi skulu einvörðungu vera í þágu Íd, í nafni hans og hans listrænu stefnu. Heimild þessi takmarkast við hina daglegu vinnuskyldu. Heimilt er þó að semja sérstaklega um æfingatíma og kaup og skal það þá gert áður en æfingar hefjast. Ef dansari getur ekki sinnt sinni daglegu vinnuskyldu vegna meiðsla, barnsburðar eða annars, má nýta hans krafta á eftirfarandi hátt:

- Starf með danshöfundum að verkum í vinnslu
- Aðstoð við æfingar
- Kynningar á starfsemi Íd t.d í skólum eða á öðrum vettvangi
- Umsjá með kennslu
- Undirbúningur listrænna verkefna
- Umsjá með dansnema

Áfram gildir að sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang, álag eða ábyrgð en gert er ráð fyrir á viðvarandi verksviði hans, skal hann fá hækkun launa skv. grein 4.4 meðan á því stendur. Greitt skal samkvæmt umfangi eða ábyrgð sem verkefnið felur í sér og gerður um það sérstakur samningur.

Meiðist dansari ber honum skylda til að halda sér í þjálfun eftir því sem hann getur að mati sjúkraþjálfara. Dansari getur farið fram á að nýta þann tíma sem hann getur ekki sinnt í daglegri vinnuskyldu, til þess að sækja sér endurmenntun. Samþykki listdansstjóra þarf fyrir því.

Dansara er óheimilt að ráða sig til starfa við listrænar sýningar utan Íd nema með samþykki listdansstjóra. Skal slík beiðni vera skrifleg sem og samkomulag þar að lútandi. Slíkt leyfi ber að veita enda hamli slíkt ekki starfsemi Íslenska dansflokksins, né skaði ímynd hans. Hamli það hins vegar starfi hans hjá Íslenska dansflokknum á viðkomandi dansari þess kost að fara í launalaust leyfi að fengnu samþykki listdansstjóra.

5.13 Námsleyfi

Listdansstjóra Íslenska dansflokksins er heimilt að veita dansara allt að 3ja mánaða námsleyfi á föstum launum. Að öðru leyti hafa stafsmenn Íd heimild til námsleyfa skv. kafla 10 í kjarasamningi SFR og ríkisins.

6. Starfsþróun

Íslenski dansflokkurinn skal skipaður hæfu starfsfólki og skulu stjórnendur sjá til þess að starfsfólk geti viðhaldið og aukið við þekkingu á sínu fagsviði. Skulu starfsmenn hafa tækifæri til starfsþróunar innan Íslenska dansflokksins þar sem markmiðið er að þróa færni starfsmannsins m.t.t. þarfa stofnunarinnar og samkvæmt áhuga og ósk starfsmannsins.

Dansari sem hefur verið fastráðinn í a.m.k átta ár eða lengur og þarf að láta af störfum vegna þess að hann uppfyllir ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar á rétt á styrk með tvennum hætti skv. fylgiskjali 1 reglur um starfsemi Íslenska dansflokksins.

7. Starfsmannasamtöl

Árlega skulu fara fram starfsmannasamtöl. Það er m.a. vettvangur umræðu um starfsánægju og líðan á vinnustað, samskipti, aðbúnað, verkefni, starfslýsingu, skipulag, stjórnun, starfsþróun, framgang í starfi, starfsfræðslu, endurmenntun og frammistöðu starfsmanns. Starfmannaviðtal er ekki vettvangur umræðu um laun. Við mat á frammistöðu starfsmanns er gert ráð fyrir að farið verði eftir fyrirfram ákveðnu kerfi, m.a. er gert ráð fyrir upprifjun frá síðasta starfsmannasamtali, hafi það farið fram.

8. Launaviðtöl

Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir sérstöku launaviðtali, þó aðeins einu sinni á ári. Það viðtal skal fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að ósk hefur komið fram eða eftir nánara samkomulagi. Starfsmanni skal gefið svar embættisins eigi síðar en fimm vikum eftir að launaviðtal fór fram.

9. Hlutverk samstarfsnefndar

Hlutverk samstarfsnefndar er skilgreint í kjarasamningi SFR. Samstarfsnefndin er kölluð saman:

- á samningstíma vegna framkvæmdar samningsins
- ef aðilar telja nauðsyn bera til og annar hvor samningsaðili óskar þess

Samstarfsnefnd skal alla jafna funda að lágmarki 2 á ári eða einu sinni á misseri. Markmið þessa funda er að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda á vinnustað.

Hjá þeim stofnunum sem fara með framkvæmd kjarasamninga í umboði fjármálaráðherra skal komið á sjálfstæðum samstarfsnefndum, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnun og 3 til vara. Að öllu jöfnu skal trúnaðarmaður á vinnustað vera í forsvari í nefndinni af hálfu SFR. Forstöðumaður tilnefnir fulltrúa stofnunarinnar. Samstarfsnefnd hafi m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum. Eins skal nefndin fjalla um röðun starfa svk. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samstarfsnefnd skal skipuð af fjórum fulltrúum, tveir tilnefndir af Listdansstjóra, tveir tilnefndir af dönsurum.

10. Annað

Fundir með starfsmönnum Íd skulu haldnir að lágmarki einu sinni í mánuði. Að vori, ekki seinna en 15. mars, skal haldinn fundur með öllu starfsfólki Íd og stefna flokksins rædd, farið

yfir starfsár og verkefni kynnt ásamt tilhögun sumarorlofs. Listdansstjóra er skylt að kynna öllum starfsmönnum Íslenska dansflokksins þennan samning.

11. Endurskoðun og gildistími

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra, eða þegar annar aðili óskar þess. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það. Verði gerðar breytingar á launaliðum eða samningstíma annarra sviðslistahópa við Þjóðleikhúsið eða Borgarleikhúsið (Leikfélag Reykjavíkur), skal samningur þessi tekin til endurskoðunar til samræmis við þær breytingar.

Samningur þessi gildir frá 01.01.2019


Reykjavík, 24.01.2019

F.h. SFR




Þórarinn Eyfjörð
Framkvæmdastjóri SFR

F.h. Íslenska dansflokksins



Ragnheiður Skúladóttir
Framkvæmdastjóri Íd

F.h. dansara



Inga Maren Rúnarsdóttir
Trúnaðarmaður